# Meðlagsúrskurðir 1891-1907

Aðfnr. 3368, örk 8

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Julius Havsteen,

**amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu**
**riddari af dannebrogsorðunni og dbrm.**

**Kunngjörir:** að með því Stud. med. & chir. Guðmundur Pjetursson Reykjavík ~~hrepp innan~~ ~~sýslu,~~ eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Láru Þórlísar Pálínu, sem er óskilgetin dóttir Sigríðar Ámundadóttur samastaðar og fædd 12. desbr. f. á. úrskurðast hérmeð, að nefndur Guðmundur Pjetursson greiði með þessu barni frá 12. desbr. f. á. og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 40 (fjörutíu) krónur árlega, sem skulu goldnar 12. júní og 12. desbr. ár hvert með 20 kr. fyrir það missiri, sem liðið er.

~~Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Guðmundi Pjeturssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 29. maí 1896.

J. Havsteen.

Ofanritaðan úrskurð er mjer birtur
Reykjavík 2. júní 1896.

Guðm. Pjetursson.

Akureyri 1892. Prentsm. B. Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að vinnukona Sigríður Gunnarsdóttir hjer í bænum sje eigi einfær um fátæktar vegna að ala önn fyrir barni sínu og Guðmundar Pjeturssonar stud. med. & chir., Láru Þórdísi Pálínu, fæddri 12. des. 1895, vottast hjermeð af undirskrifuðum formanni fátækranefndarinnar.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 22. maí 1896.

Halldór Daníelsson

Sesd. I. N:o 799.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg hef ídag meðtekið hjá bæjarfógetan-
um í Reykjavík amtsúrskurði dags.
18. ág. 1892 um ~~barns~~ meðlag af hálfu
Þorleifs Jakobssonar með barninu
Elínu Alexandrínu

Reykjavík 6. des. 1894.

Kristín Guðmundsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð viðurkenni jeg, að bæjarfógeti Halldór Daníelsson hafi ídag afhent mjer skriflega skuldbinding dags. 27. júní 1892 frá Vilhjálmi Halldórssyni barnsföður mínum um að greiða 100 Kr. árl. meðlag með syni okkar

Reykjavík 29. janúar 1895.

Guðfinna Pálsdóttir
handsalað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT.

Reykjavik 26. Marz 1889. —

Með þóknanlegu brjefi, dags. 1. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent Amtinu útskript af prófum, er þjer hafið hald-ið fyrir lögreglurjetti út af ólöglegri dvöl nokkurra manna hjer í bænum, og hafa menn þessir óskað að mega komast hjá lögsókn, en skotið málefnum sínum undir úrskurð Amtsins, sem þeir hafa skuldbundið sig til þess að hlíta. —

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður til þóknanl. leiðbeiningar og frekari birtingar, að Amtið hjermeð, samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 26. Mai 1863, 12. og 13. gr., úrskurðar, að:

1. Kristján Jóhannsson, húsmaður í húsi Jónasar Jónssonar við Klapparstíg,
2. Kristín Helgadóttir, húskona á Vegamótum,
3. Ólafur Ísleifsson, húsmaður í Bræðraborg,
4. Jón Jónsson, húsmaður í Skálholtskoti,
5. Guðmundur Guðmundsson, húsmaður í húsi Magnúsar Guðna-sonar steinhöggvara, og
6. Björn Árnason á Vesturgötu í húsi Thomsens verzlunar (áður Stefáns Þórðarsonar), skuli greiða í sekt hvert um sig 10-tíu-krónur og að auki málskostnað, og ennfremur, að neðannefndir menn fyrir að hafa hýst ofangreinda húsmenn, sem dvalið hafa hjer í bænum án leyfis: 1. Jónas Jónsson á Klapp-arstíg, 2. Guðmundr Guðmundsson á Vegamótum, 3. Sigurðr Sigurðs-son í Bræðraborg, 4. Einar Ingimundarson í Skálholtskoti,

Rfsh. № 187.89.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skuli hver um sig greiða 4 krónur í sekt. Helmingur sektanna rennur í fátækrasjóð Reykjavíkur kaupstaðar, en helmingur til fátækrafulltrúanna sama staðar, sbr. brjef dómsmálastjórnarinnar 4. Júli 1866. —

Sektir þessar eiga að greiðast innan mánaðar frá þeim tíma að úrskurður amtsins er orðinn kunnur hinum brotlegu. —

Að endingu skal það tekið fram, að þarsem eigi af útskriptinni sjest, að þeir, faktor J. Hansen og steinhöggvari Magnús Guðnason, sem hafa hýst þá, Björn Árnason og Guðmund Guðmundsson, hafi verið kallaðir fyrir, þá skal þjónustusamlega skorað á yður, að láta þá mæta fyrir rjetti og fá yfirlýsingu þeirra um, hvort þeir vilji heldur að dómur gangi um brot þeirra, eða að það sje útkljáð með úrskurði amtsins.

E. Th. Jónassen

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn
## yfir Suðuramti og Vesturamti
## Íslands

**kunngjörir:** Samkvæmt beiðni fátækranefndarinnar í Reykjavík og tillögum bæjarfógetans samastaðar, og eptir þeirri heimild, er lög Nr 20. 4. Nóvbr. 1887 mjer þartil veita, úrskurðast hjermeð, að Þorkell Sigurðsson á Bakka í Reykjavík, sökum þess að hann er vanur að því að fara ráðlauslega með efni sín, skuli sviptur fjárforráðum, og ennfremur að fátækrafulltrúi Ólafur Björnsson á Bakka skuli skipaður fjárhaldsmaður hans. —
Úrskurður þessi skal þegar í stað birtur á varnarþingi Þorkels Sigurðssonar. —

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli. —

Reykjavík 25. Septbr. 1890. —

E.Th. Jónassen



Úrskurður
um
að Þorkell Sigurðsson á Bakka í Reykjavík skuli sviptur fjárforráðum. —

Ad Bffjet. No 484-90

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lesið á bæjarþingi í Reykjavíkur-kaupstað, 2. d. október-mánaðar 1890, síðan innfært í afsals- og veðmálabók bæjarins Litr. N, nr. 76, bls. 68

Bæjarfógetinn í Reykjavík. 2. okt. 1890

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn

## yfir Suðuramti og Vesturamti

## Íslands

**kunngjörir:** Samkvæmt beiðni fátækranefndarinnar í Reykjavík og tillögum bæjarfógetans samastaðar, og eptir þeirri heimild, er lög No 20, 4. Nóvbr. 1887 mjer þartil veita, úrskurðast hjermeð, að Einar Ólafsson, tómthúsmaður í Skálholtskoti í Reykjavík, sökum þess að hann er tamur að því að fara ráðlauslega með efni sín, skuli sviptur fjárforráðum, og ennfremur að fátækrafulltrúi Erlendur Zakaríasson skuli skipaður fjárhaldsmaður hans. —

Úrskurður þessi skal þegar í stað birtur á varnarþingi Einars Ólafssonar. —

Til staðfestu er nafn mitt og embættis innsigli.

Reykjavík 25. Septbr. 1890. —

E. Th. Jónassen

Úrskurður

um

að Einar Ólafsson, tómthúsmaður í Skálholtskoti í Reykjavík, skuli sviptur fjárforráðum. —

Ad Bfgets No 484-90

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lesið á bæjarþingi í Reykjavíkur-kaupstað, hinn 2. d. októbermánaðar 1890, síðan innfært í afsals- og veðmálabók Litr. N, nr. 17, bls. 68-69.

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 2. okt. 1890.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn

## yfir Suðuramti og Vesturamti

## Íslands

**kunngjörir:** Samkvæmt beiðni fátækranefndarinnar í Reykjavík og tillögum bæjarfógetans samastaðar, og eptir þeirri heimild, er lög № 20, 4. Nóvbr. 1887 mjer þar til veita, úrskurðast hjermeð, að Þorsteinn Jónsson bakari í Reykjavík, sökum þess, að hann er sannur að því að fara ráðlauslega með efni sín, skuli vera sviptur fjárforráðum, og ennfremur, að fátækrafulltrúi Erlindur Zakkaríasson skuli skipaður fjárhaldsmaður hans. —

Úrskurður þessi skal þegar í stað birtur á varnarþingi Þorsteins Jónssonar. —

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

Reykjavík 25. Septbr. 1890. —

E. Th. Jónassen

Úrskurður
um
að Þorsteinn Jónsson, bakari í Reykjavík, skuli sviptur fjárforráðum. —

Ad Bf Jev. № 484-90.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lesið á bæjarþingi í Reykjavíkur kaupstað, þann 2 d. októbermánaðar 1890 síðan innfært í afsals- og veðmálabók bæjarins: Litr. N, nr. 75, bls. 67-68. —

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 2. okt. 1890

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn

## yfir Suðuramti og Vesturamti

## Íslands

**kunngjörir:** Samkvæmt beiðni fátækranefndarinnar í Reykja-
-vík og tillögum bæjarfógetans í nefndum kaupstað,
svo og eptir þeirri heimild, er lög No 20, 4. Nóvbr.
1887 mjer þar til veita, úrskurðast hjermeð,
að Þorkell Eiríksson í Garðhúsum við Reykja-
-vík, sökum þess að hann er sannur að því, að
fara ráðlauslega með efni sín, skuli vera
sviptur fjárforráðum, og ennfremur, að fá-
-tækrafulltrúi Gunnar Gunnarsson skuli skip-
-aður fjárhaldsmaður hans.

Úrskurður þessi skal þegar í stað birtur á
varnarþingi Þorkels Eiríkssonar.

Til staðfestu er nafn mitt og embættis innsigli.

Reykjavík 19. Septbr. 1889.

EThJónassen

Úrskurður
um, að Þorkell Eiríksson í Garðhúsum við
Reykjavík skuli sviptur fjárforráðum.

Nóte!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lesið á bæjarþingi Reykjavíkur, 26. septbr. 1889 og innfært í afsals- og veðmálabók bæjarins, Litr. M., nr. 356 bls. 319-20. —

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn

**yfir Suðuramti og Vesturamti**

**Íslands**

**kunngjörir:** að amtinu hefur af lögreglustjóranum í Reykjavík verið skýrt frá um hneixlanlegt samlíf trjesmiðs Jóhanns Teits Egilssonar og konunnar Guðrúnar Guðmundsdóttur, er hann hefur átt 2 börn með.

Fyrir því áminnast nefndar persónur, samkvæmt tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra, um að slíta nú þegar hneixlanlegri sambúð sinni, og mega þau, upp frá því að þeim hefur verið tilkynnt þessi áminning amtsins, ekki búa í sama húsi. —

Jafnframt gefst þeim til vitundar, að framhald hneixlanlegrar sambúðar, eptir að þau hafa fengið þessa áminningu yfirvaldsins, varðar straffi eptir 179. grein hinna almennu hegningarlaga. —

Reykjavík 12. April 1889. —

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli. —

E. Th. Jónassen

Áminning
til
Jóhanns Teits Egilssonar trjesmiðs og konunnar Guðrúnar Guðmundsdóttur í Reykjavík, um að skilja að sambúð. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889, ~~föstu~~laugardaginn hinn 13 aprílmánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaða áminning fyrir konunni Guðrúnu Guðmundsdóttur persónulega á heimili hennar „Bjargarsteini" hjer í bænum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum. —

Borgun ska
— ein Króna —
Bgr B.

Hjelmsen

Björnsson

Ár 1889, laugardaginn hinn 20 aprílmánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaða áminningu tjeðum Jóhanni Teiti Egilssyni persónulega hjer í bænum. —

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Hjelmsen

Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur